

Samskipti við foreldra – Ráð handa kennurum

Það er mun auðveldara að ræða áhyggjur þínar við foreldra þegar þú hefur opnað á samskipti á jákvæðan hátt.

- Ein besta leiðin til að skapa samkennd með foreldrum er að ræða um styrkleika barnsins og hæfileika. Gerðu þitt besta til að kynnast barninu svo þú megir þekkja styrkleika þess, áhugamál og jákvæð persónueinkenni.
- Hafðu skýr samskipti við foreldra strax í upphafi skólaárs og eftir það með reglulegu millibili með viku- eða mánaðarlegum fréttabréfum varðandi markmið kennslunnar, stefnu, væntingar, starfsemi og uppákomur. Þjóddu foreldrum alltaf með og taktu þátttöku þeirra opnum örmum.
- Taktu frumkvæði:
 - Hringdu eða skrifaðu miða heim til að koma á framfæri jákvæðum skilaboðum til foreldra varðandi barnið – um hvað þú kannt að meta í fari þess.
 - Vertu til staðar og láttu foreldra vita hvenær og hvernig þeir geta sett sig í samband við þig.
 - Láttu foreldrana vita að þeir séu velkomnir í skólann.
 - Komdu því á framfæri að þú hafir áhuga á því að starfa í „teymi“ til að tryggja velgengi barnsins í bekknum.
- Þegar þú hefur áhyggjur af nemanda:
 - Hafðu samband og útskýrðu fyrir foreldrum hvers eðlis áhyggjurnar eru.
 - Reyndu enn og aftur að benda á eitthvað jákvætt í fari barnsins.
 - Lýstu því hvernig barninu gengur í námi og hegðun.
 - Lýstu athugasemdum þínum á hlutlausan hátt án þess að „hengja merkimiða“ á hegðunina eða barnið, s.s. „hún er löt“ eða „hann er slæmur“.
 - Gættu þess að foreldrarnir átti sig á því að þú ert ekki að skella skuldinni á barnið eða nokkurn annan.
 - Gerðu foreldrunum ljóst að þú vilt gera allt sem í þínu valdi stendur til að nemandanum gangi vel í skólanum.
- Spurðu foreldrana hvort þeir hafi orðið varir við þá erfiðleika sem þú lýsir heima eða hvort fyrri kennarar hafi viðrað þessar áhyggjur áður.
- Segðu foreldrunum frá þeim áátlunum og íhlutunum sem þú notar nú þegar eða hefur í hyggju að nota til að takast á við vandann. Spurðu hvort þeir hafi einhverjar uppástungur eða upplýsingar sem geta hjálpað þér við að mæta þörfum nemandans.
- Segðu foreldrunum að þú verðir í sambandi við þá og látir þá vita ef gengur betur.

- Til að byggja upp jákvætt samband við foreldrana:
 - Komdu fram við þá af virðingu og fordómaleysi.
 - Taktu samstarfi við þá opnum örmum.
 - Gerðu þér grein fyrir því að þeir þekkja barnið best.
 - Taktu tillögum þeirra og öllum upplýsingum fagnandi, því þú vilt aðeins það besta fyrir barnið þeirra.